

# Lokaverkefnið mitt

Eva Björg Sigurjónsdóttir

Vorönn 2020

Þegar kom að því að velja hvað lokaverkefnið mitt frá VA skildi vera, var ég ekki lengi að ákveða mig. Mig hefur lengi langað að prófa að semja og taka upp tónlist, og var þetta fullkomið tækifæri. Ég ákvað að hafa samband við Júlíus Óla, og spyrja hvort hann vildi vera leiðbeinandinn minn í þessu verkefni af nokkrum ástæðum.

Í fyrsta lagi erum við góðir vinir og langaði mig að fara í gegn um þetta ferli með einhverjum sem að mér líður vel með, þar sem ég myndi treysta mér til að gera mistök og hljóma asnalega án þess að það yrði óþægilegt. Í öðru lagi var Júlíus ný kominn til baka frá Danmörku þar sem hann var að læra hljóðblöndun og upptökutækni í lýðháskóla og mig langaði líka að hann fengi tækifæri til að prófa að nýta það í verkefni sem að væri frekar frjálst og engin pressa á að hlutirnir væru fullkomnir. Í þriðja, og seinasta lagi, hélt ég að það gæti orðið mjög skemmtilegt að fá að búa til tónlist með vini mínum, sem að það svo var.

Lagið okkar Júlíusar er búið að fara í gegnum margar breytingar á þeim 3 mánuðum sem við erum búin að vinna saman. Við byrjuðum á að búa til 2 mismunandi og ólík lög. Svo þegar kom að því að skrifa texta og finna út úr því hvernig laglínan skildi vera, gekk það aldrei almennilega upp hjá mér. Við vorum í smá pásu frá verkefninu og aðeins að hugsa yfir hlutina, þegar að Júlíus sendi mér tölvupóst með smá stafi, ég hlustaði á stefið og ákvað strax að við þyrftum að nota það. Við hittumst og bættum við stefið, og áður en við vissum af vorum við komin með heilt lag. Við gerðum smávægilegar breytingar eins og að hægja á laginu og breyta um tóntegund, en lagið sjálft breyttist ekki mikið frá sinni upprunalegu mynd. Þegar lagið var tilbúið var komið að mér að finna út úr laglínunni, og svo semja texta, það var að mínum mati, lang erfiðasti hlutinn.

Laglínan kom til mín frekar snemma en textinn tók langann tíma. Ég hafði ákveðnar hugmyndir um hvað ég vildi að lagið snerist um. Mig langaði að lagið snérist

um sjálfsást, að vera sjálfum sér nógur og að elska og virða sjálfan sig, allt í hressum búningi með góðum takt og grípandi viðlagi.

Ég skrifaði fyrsta versió fyrst, það tók mig nokkrar vikur, það setur tóninn fyrir lagið en þar er ég að syngja um þegar að samband tekur enda, hvað það getur verið erfitt að sætta sig við að hlutirnir séu ekki að ganga upp og hvað það getur tekið langan tíma að komast yfir það að hlutirnir hafi þurft að enda, og hætta að hugsa um hina manneskjuna. Oft í samböndum verður maður upptekinn af því að gera allt fyrir hina manneskjuna og vill oft gleyma sjálfum sér, það getur þess vegna tekið tíma að læra að vera einn og að beina athyglinni að manns eigin óskum og draumum.

Seinna versió snýst um hvað það getur svo verið góð tilfinning að hafa komið sér út úr sambandi, þar er ég að hrósa sjálfri mér fyrir að vera sterk og samkvæm sjálfri mér, og að þó svo að hlutirnir hafi þurft að enda, þá óski ég hinni manneskjunni alls hins besta og voni að hún sé hamingjusöm líka.

Viðlagið er í svipuðum dúr og seinna versió, þar er ég að fagna því að ég sé loksins hætt að hugsa um hina manneskjuna og sé bara að þæla í mér, og gera það sem mig langar að gera.

Um leið og textinn var tilbúinn small þetta allt saman. Það tók okkur bara nokkra klukkutíma að taka upp sönginn og svo vann Júlíus lagið á rúmlega einum degi. Lokaútgáfan er í A dúr, 117bpm og 3 mínútur og 11 sekúndur að lengd og heitir „Þæla Í Mér“. Þetta hefur verið mjög lærdómsríkt og skemmtilegt ferli, en líka mjög erfitt á tímum, en ég er ánægð með og stolt af útkomuni.